

Miðvikudaginn 15. nóvember 1961.

Nr. 21/1961. **Magnús Gíslason,**
Kristján Egilsson og
Þorsteinn Sigurðsson (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f og
gagnsök (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómáráðar Hæstaréttar.

Mál höfðað gegn ófjárráða aðiljum. Dómur og málsmeðferð í héraði því ómerkt sjálfkrafa og málinu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Frey móður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1961, og gert eftirfarandi dómkröfur:

Í aðalsök í héraði: Aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi hans fyrir báðum réttum.

Til vara, að fjárhæðir héraðsdóms verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Í gagnsök í héraði krefjast aðaláfrýjendur þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 32.142.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi hefur gagnáfrýjað málinu með stefnu, útgefinni 2. marz 1961, og gert þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó svo, að málskostnaður í héraði verði hækkaður að mati réttarins. Þá krefst hann og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda.

Í málinu hefur komið fram, að aðaláfrýjandi Magnús Gíslason er fæddur 30. september 1938, aðaláfrýjandi Kristján Egilsson 5. júlí 1939 og aðaláfrýjandi Þorsteinn Sigurðsson 28. júlí 1940. Þeir voru því allir ófjárráða, er héraðsdómurinn

aðsdómsstefna í aðalsök var gefin út og málið þingfest, og áttu því ekki ráðstöfunarrétt sakarefnis.

Aðaláfrýjandinn Magnús var að visu orðinn fjárráða vegna aldurs, er héraðsdómur var kveðinn upp, og aðaláfrýjandi Þorsteinn mun þá líka hafa verið orðinn fjárráða sökum hjónabands, en ekki aðaláfrýjandi Kristján Egilsson, sem skrifaður mun hafa verið fyrir bifreiðinni og hafði tryggt hana í sínu nafni hjá gagnáfrýjanda.

Að svo vöxnu máli verður ekki hjá því komið að ómerkja sjálfkrafa hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum úrslitum ber gagnáfrýjanda að greiða aðaláfrýjendum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4500.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og víasast málinu frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjandi, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði aðaláfrýjendum, Magnúsi Gíslasyni, Kristjáni Egilssyni og Þorsteini Sigurðssyni, kr. 4500.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 10. desember 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 2. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Benedikt Sigurjónssyni hæstaréttarlögmanni f. h. Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 10. apríl 1959, birtri 13. s. m., á hendur eigendum bifreiðarinnar V 261, þeim Magnúsi Gíslasyni, Vestmannabraut 60, Kristjáni Egilssyni, Heiðavegi 42, og Þorsteini Sigurðssyni, Vestmannabraut 32, öllum í Vestmannaeyjum, til endurheimtu á greiðslum, er stefnandi innti af hendi sem vátryggjandi bifreiðarinnar V 261.

Gerir aðalstefnandi þær réttarkröfur, að aðalstefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum kr. 14.633.75 með 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags og málskostnað að

skaðlausu eftir mati dómara. Svo krefst hann og viðurkenningar á lögveði í bifreiðinni V 261 fyrir öllum tildæmdum kröfum.

Aðalstefndu krefjast algerrar sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og einnig, að þeim verði tildæmd úr hans hendi þóknun fyrir þingsókn 9. apríl 1959 auk alls málskostnaðar eftir mati réttarins.

Með stefnu, útgefinni 18. nóvember 1959, birtri 19. s. m., höfðu aðalstefndu gagnsök í málinu til heimtu á viðgerðarkostnaði á bifreiðinni V 261, sem var kaskóvátryggð hjá stefnanda. Gerðu gagnstefnendur þær réttarkröfur, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða þeim kr. 32.142.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. nóvember 1958 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu eftir mati réttarins. Í lok málsins breyttu gagnstefnendur vaxtakröfu sinni á þá leið, að þeir kröfðust 6% ársvaxta frá 1. nóvember 1958 til 1. marz 1960 og 10% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi krafðist algerrar sýknunar í gagnsök og gagnstefnendum verði gert að greiða honum málskostnað eftir mati dómarans.

Þann 18. maí 1958, á tólfta tímanum að kvöldi, ók meðstefndi, Magnús Gíslason, bifreiðinni V 261, eign aðalstefndu, upp (suður) Heiðaveg í Vestmannaeyjum. Rétt á undan fór bifreiðin V 170. Báðar bifreiðarnar voru á miklum hraða. Lögreglubifreiðin kom þá austan Hásteinsveg, og er hún kom inn á gatnamótin, þar sem Hásteinsvegur og Heiðavegur skerast, varð bifreiðarstjórinn var við V 170. Snarhellaði hann þá bifreiðina, en V 170 hægði ekki ferðina, heldur þaut áfram um metra framan við lögreglubifreiðina. Er V 170 var komin fram hjá, gaf bifreiðarstjórinn á lögreglubifreiðinni upp fóthemplana, og seig bifreiðin áfram. Í sama bili sá hann bifreiðina V 261 nálgast á mikilli ferð. Steig hann þá strax á fóthemplana, og nam bifreiðin þegar staðar. Í sömu andrá lenti V 261 á lögreglubifreiðinni hægra megin að framan. V 261 hélt þó áfram ferð sinni, enda sagði meðstefndi, að fát hefði komið á sig við ákeyrsluna, og hafði hann stigið á benzínjölfina í stað þess að stíga á fóthemplana. Fór bifreiðin í stórum sveigum og með ofsahraða suður Heiðavegin og sveigði að lokum til vinstri og rakst á steinvegg fyrir framan húsið Heiðaveg 27, braut hann og nam þar staðar.

Sneri hún þá í norðaustur, eða allt að því til sömu áttar, sem hún kom úr. Kvaðst meðstefndi enn hafa stigið á benzínjölfina, er bifreiðin nam staðar við steinvegginn.

Opinber rannsókn var haldin út af ákeyrslunum og akstri meðstefnda í umrætt sinn. Hann kvaðst ekki hafa komið auga á lögreglubifreiðina, fyrr en hann ók á hana, og hafi sér því ekki gefizt tóm til að hemla. Hann kvaðst þá hafa verið á 30 mílna hraða, en síðan hafi hraðinn aukizt. Á líka lund var framburður þeirra, er með honum voru í bifreiðinni. Önnur vitni, er voru áhorfendur að árekstrinum, töldu hins vegar, að hraðinn hefði verið miklu meiri, og sum þeirra gerðu ráð fyrir, að hraðinn hafi ekki verið undir 80—90 km, miðað við klukkustund. Ökumaður bifreiðarinnar V 170 kvað þá meðstefnda hafa verið í eltingaleik, og hefði meðstefndi verið að reyna að ná honum. Þessu var andmælt af meðstefnda. Að lokinni rannsókn, var opinbert mál höfðað gegn meðstefnda, og með dómi, uppkveðnum 9. nóvember 1959, var hann fundinn sekur um of hraðan og ógætilegan akstur og dæmdur í 2000.00 kr. sekt fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum og sviptur ökuréttindum í 2 mánuði.

Bifreið stefndu, V 261, skemmdist mikið við áreksturinn og sérstaklega við ákeyrsluna á steinvegginn. Einnig varð lögreglubifreiðin fyrir talsverðum skemmdum.

Um aðalsök.

Bifreið stefndu var skyldutryggð hjá stefnanda, og varð hann að greiða bætur fyrir tjón, sem hlaut af akstri bifreiðarinnar í umrætt sinn. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum greiddi hann af þessum sökum eftirfarandi fjárhæðir:

- | | |
|--|---------------|
| 1. Skemmdir á lögreglubifreiðinni V 1 samkvæmt viðgerðarreikningum | kr. 11.018.75 |
| 2. Skemmdir á steinvegg við Heiðaveg 27 samkvæmt mati | — 2.485.00 |
| 3. Kostnaður við mat | — 250.00 |

Kr. 13.753.75

Stefnandi telur, að ökumaður bifreiðarinnar, meðstefndi Magnús Gíslason, hafi valdið tjóninu af ásettu ráði eða a. m. k. með stórkostlegu gáleysi. Beri honum því, svo og sameigendum hans að bifreiðinni, stefndu í máli þessu, að endurgreiða þær fjárhæðir, er stefnandi innti af hendi. Vitnar hann í því sambandi til váttryggingarskilyrða í tryggingarskírteini svo og 25. gr. laga nr. 20/1954 og bifreiðalaga nr. 23/1941, 36. gr., sbr. nú umferðarlög nr. 26/1958, svo og auglýsingar Samgöngumálaráðuneytisins. Auk þess kveður hann stefndu skulda vegna bifreiðarinnar ið-

gjald af ábyrgðartryggingu fyrir tímabilið 1. maí 1958 til 1. maí 1959, er nemi kr. 880.00. Nefndar fjárhæðir, kr. 13.753.75 og kr. 880.00, eða alls kr. 14.633.75, eru stefnukröfur málsins.

Stefndu telja, að um endurkröfurétt tryggingarfélags á hendur eigendum bifreiðar geti ekki verið að ræða, nema því aðeins að allir eigendurnir séu valdir að tjóninu. Af þessari ástæðu sé engin heimild til að krefja alla þrjá meðeigendur að bifreiðinni um endurgreiðslu, þar eð aðeins einn þeirra, stefndi Magnús Gíslason, hafi ekið bifreiðinni og borið ábyrgð á rekstri hennar. Ef um endurkröfurétt væri að ræða, ætti því að beina þeirri kröfu eingöngu að honum. En því væri ekki heldur til að dreifa, að stefnandi ætti endurkröfurétt á hendur Magnúsi Gíslasyni, þar eð akstri hans hafi ekki verið þann veg háttað, að það skapi rétt til endurkröfu. Einnig telja stefndu, að krafa stefnanda til lögveðs í bifreiðinni fái ekki staðizt, þar eð lögveð stofnist ekki fyrir bótakröfu, nema því aðeins að tjónvaldur og eigandi bifreiðarinnar sé einn og sami maður.

Eins og áður getur, var meðstefndi Magnús Gíslason dæmdur til refsingar og ökuleyfisviptingar fyrir akstur sinn í umrætt skipti. Dóminum var ekki áfrýjað til Hæstaréttar, og ber því að hafa hliðsjón af niðurstöðu hans við úrlausn málsins, er hér liggur fyrir. Samkvæmt 9. grein váttryggingarskilyrða í tryggingarskírteini bifreiðarinnar, áskildi stefnandi sér rétt til að krefjast endurgreiðslu hjá váttryggingartaka eða öðrum váttryggðum, ef þeir hafa valdið tjóninu af ásettu ráði eða með stórkostlegri óvarkárni. Með sömu skilyrðum er tryggingarfélögum bifreiða veittur endurkröfuréttur í 36. gr. laga nr. 23/1941, nú 73. gr. laga nr. 26/1958. Dómsrannsóknin í opinbera málinu gefur til kynna, að umrædd skilyrði eru fyrir hendi, að því er varðar stefnda Magnús Gíslason, og á stefnandi þar af leiðandi endurkröfurétt á hendur honum. En endurkröfurétturinn nær einnig til hinna meðstefndu, sem voru meðeigendur að bifreiðinni og báru í sameiningu fébótaábyrgð gagnvart þeim, sem urðu fyrir tjóni af völdum hennar. Með greiðslu sinni á tjónbótum öðlaðist stefnandi rétt tjónþola til að beina kröfum sínum gegn þeim öllum, fyrst endurkröfuréttur var á annað borð fyrir hendi.

Upphæð endurkröfunnar hefur ekki sætt andmælum, og verður hún því tekin til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Stefndu hafa ekki sýnt fram á, að tryggingariðgjald bifreiðarinnar fyrir tímabilið 1. maí 1958 til 1. maí 1959 sé greitt. Verð-

ur því krafa stefnanda til iðgjaldsins, kr. 880.00, tekin til greina einnig ásamt vöxtum.

Stefndu hafa í máli þessu krafizt að fá tildæmda þóknun fyrir mót á bæjarþingi Vestmannaeyja 9. apríl 1959, vegna þess að stefnandi hafi stefnt þeim til að mæta þann dag í sama máli, en lét síðan ekki sækja þing, svo að málið var fellt niður. Kröfu þessa er ekki hægt að taka til greina, þar eð stefndu bar að halda henni fram þegar á bæjarþingi 9. apríl, ef þeir vildu fá henni framgengt.

Rétt þykir, að stefndu greiði stefnanda málskostnað, og verður hann ákveðinn í einu lagi fyrir aðalsök og gagnsök.

Endurkröfurétti tryggingarfélags samkvæmt 36. gr. laga nr. 23/1941 fylgir lögveðréttur samkvæmt sömu grein. Þykir því bera að viðurkenna lögveð í bifreiðinni V 261 fyrir endurkröf-unni, kr. 13.753.75, auk vaxta og kostnaðar.

Um gagnsök.

Bifreið gagnstefnenda, V 261, var kaskóváttryggð hjá gagnstefnda, er slysið átti sér stað, sem að framan getur. Eins og þar segir, skemmdist bifreiðin mikið við ákeyrsluna á lögreglubifreiðina og sérstaklega við ákeyrsluna á steinvegginn hjá Heiðaveg 27. Segja gagnstefnendur, að kostnaður við viðgerð á skemmdunum hafi numið kr. 32.142.00, og hafa lagt fram kvittaða reikninga fyrir svo að segja allri þeirri fjárhæð. Telja stefnendur, að gagnstefnda beri samkvæmt ákvörðun tryggingarskírteinisins að greiða upphæðina, og er það stefnukrafa málsins.

Gagnstefndi reisir kröfu sína um sýknun á sömu málsástæðum og fram koma frá hans hendi í aðalsök. Skemmdirnar á bifreiðinni hafi hlotizt af vítaverðum akstri hennar, og hafi gagnstefnendur misst rétt til váttryggingarfjárins samkvæmt ákvæðum í tryggingarskírteini, er hafi stoð í lögum. Vitnar hann í því sambandi til 18. gr., 2. mgr., laga nr. 20/1954 og 75. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Í 10. gr., a. lið, tryggingarskilmála í kaskótryggingarskírteini bifreiðarinnar er fram tekið, að skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni séu undanþegnar ábyrgð gagnstefnda. Ákvæði þetta er gilt að lögum gagnvart váttryggingartökum. Samkvæmt því, sem hér að framan er rakið varðandi akstur bifreiðarinnar, verður að telja, að skilyrði séu fyrir hendi til að beita þessu ákvæði. Leiðir það til þess, að gagnstefndi verður sýknaður af kröfum gagnstefnenda í gagnsök.

Niðurstaða málsins verður því þessi:

Í aðalsök greiði aðalstefndu aðalstefnanda kr. 13.753.75, að viðbættum kr. 880.00, eða alls kr. 14.633.75, ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags, og á aðalstefnandi lögveð í bifreiðinni V 261 fyrir fyrstnefndri fjárhæð, kr. 13.753.75, ásamt 6% ársvöxtum af henni frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags og fyrir hluta úr málskostnaði, og ákveðst sá hluti kr. 1700.00.

Í gagnsök skal gagnstefndi vera sýkn af kröfum gagnstefnenda.

Í aðalsök og gagnsök skulu aðalstefndu og gagnstefnendur greiða aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Sjóváttryggingafélag Íslands h/f, skal vera sýkn af kröfum gagnstefnenda, Magnúsar Gíslasonar, Kristjáns Egilssonar og Þorsteins Sigurðssonar í gagnsök.

Í aðalsök greiði aðalstefndu, Magnús Gíslason, Kristján Egilsson og Þorsteinn Sigurðsson, in solidum aðalstefnanda, Sjóváttryggingafélagi Íslands h/f, kr. 14.633.75 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags. Aðalstefndu og gagnstefnendur greiði aðalstefnanda og gagnstefnda kr. 2.500.00 í málskostnað.

Aðalstefnandi á lögveð í bifreiðinni V 261 fyrir kr. 13.753.75 af ofangreindri fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 1. ágúst 1958 til greiðsludags og fyrir kr. 1.700.00 af ofangreindum málskostnaði.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.